

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnars Þorvarðarsonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ragnars Þorvarðarsonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Grétu Ólafsdóttur, móður Ragnars, frá árinu 1991 kr. 145.000 og framlag Skákfélags Akureyrar kr. 125.000. Þá renna þátttökugjöld í barna- og unglingaskákmótum í sjóðinn, tekið hefur verið við frjálsum framlögum og arður af sölu minningarkorta hefur runnið í sjóðinn.

Eignir sjóðsins eru nú þannig kr. 453.000 og skal það fé haldast óskert.

Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir sjóðsins. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmasta og öruggasta hátt, þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- A) Vextir og arður af eignum sjóðsins.
- B) Frjáls framlög sem sjóðnum kunna að berast.
- C) Fé og annað verðmæti sem safnast hefur og mun safnast í nafni sjóðsins.
- D) Annað fé sem sjóðnum hlotnast.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnilega skákmenn, 16 ára og yngri, til að sækja skákmót utan Akureyrar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Formaður Skákfélags Akureyrar skal vera formaður stjórnar sjóðsins og gjaldkeri Skákfélags Akureyrar skal vera gjaldkeri sjóðsins og skal hann hafa í hendi vörslu fjármuna sjóðsins. Einn stjórnarmaður sjóðsins skal vera utan stjórnar Skákfélags Akureyrar og skal hann valinn til eins árs í senn af stjórn Skákfélags Akureyrar þannig að hann tengist unglingastarfi félagsins eða hefur áður verið virkur í félaginu en gefur ekki kost á sér til annars á vegum félagsins.

Stjórn sjóðsins skiptir að öðru leyti með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins skal vera sammála um úthlutun úr sjóðnum. Stjórnin skal við úthlutanir úr sjóðnum gæta þess að höfuðstóll sjóðsins skerðist ekki. Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera frá 1. júní ár hvert og til 31. maí árið eftir. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða málefnum ungra skákmanna til hagsbóta. Breytingartillögur skulu hljóta einróma samþykki stjórnar sjóðsins.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Skákfélags Akureyrar.
Einróma samþykki stjórnar þarf til að leggja sjóðinn niður.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. júlí 1996.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

Nr. 416

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1995.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1995.

Tekjur

Vextir af bankainnstæðum	kr. 4.932,51
	<u>4.932,51</u>

Gjöld

Tekjur umfram gjöld	kr. 4.932,51
	<u>4.932,51</u>

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1995

Eignir

Bankainnstæður	kr. 111.516,69
	<u>111.515,69</u>

Skuldir

Hrein eign pr. 1. jan. 1995	kr. 106.584,18
Hreinar tekjur árið 1995	kr. 4.932,51
	<u>kr. 111.516,69</u>

Samgönguráðuneytinu, 16. júlí 1996.

F. h. r.

Halldór S. Kristjánsson.